

96.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á í A-sal ÍSÍ 25.nóvember 2018 kl. 13.00. Mættir: Hulda, Gry, Aron, Alex, Þórunn, Guðbrandur og Erla.

Þetta gerðist:

### **Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.**

#### **Samskipti við Afrekssjóð**

Hulda sagði frá fundi stjórnar með formanni og starfsmönnum Afrekssjóðs í framhaldi af bréfi stjórnar til sjóðsins. Allir stjórnarmenn nema Alex og Gry sátu þann fund.

Fundurinn var gagnlegur, upplýsandi og opinskár.

Tvennt er ógert:

Undirritun samnings vegna 2018, Alex gengur frá því svo hægt verði að skrifa undir eftir helgi.

Skil á umsókn fyrir 2019. Frestur er til 9.desember. Alex í samstarfi við Viðar fylla hana út og ber undir stjórn. Ákveðið var að gera ráð fyrir starfsmann/framkvæmdastjóra í hálfu starfi og íþróttastjóra í hálfu starfi.

#### **Fagteymi.**

Ákveðið að endurgreiða til A-landsliðsmanna útlagðan kostnað vegna meðferðar gegn framlögðum reikningum. Alex er með málið.

#### **Endurskoðun laga**

Tillaga að nýjum lögum sambandsins verða send út til formanna fyrir jól.

Breytingar á reglugerð um val á íþróttamanni ársins samþykktar.

#### **Íþróttamann ársins**

Gengið verður endanlega frá vali gegnum tölvupóst.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 14.45

Fundarritari: Gry Ek